

Ályktun fundar um Víkurgarð, 21. nóvember 2017

Almennur fundur um verndun Víkurgarðs haldinn 21. nóvember 2017 í Neskirkju skorar á borgarstjórn Reykjavíkur að virða þær skyldur, sem henni eru lagðar á herðar lögum samkvæmt, að varðveita hinn forna kirkjugarð Víkurkirkju allan sem almenningsgarð, alveg að austustu mörkum hans. Þess er krafist að rannsakað sé og leitt til fulls í ljós hvar austurmörk hans nákvæmlega liggja.

Fundurinn krefst þess að borgarstjórn heimili ekki að bygging rísi í gamla kirkjugarðinum, eins og uppi eru áform um, enda færi það í bága við ákvæði 33. gr. laga nr. 36/1993, um kirkjugarða o.fl.

Sá hluti garðsins, sem liggur undir gólfi viðbyggingar Landsímahússins, verði virtur og varðveittur, enda er austurhluti garðsins óaðskiljanlegur hluti hins forna Víkurgarðs og gilda því um hann, jafnt og aðra hluta Víkurgarðs, áður nefnd lög nr. 36/1993, sbr. eldri lög um kirkjugarða.

Skipulagsyfirvöldum borgarinnar ber að leiðrétta villu í deiliskipulagsupprætti Landsímareits, þar sem mörk Víkurgarðs eru ranglega færð og aðeins látin ná að vesturhlið Landsímahússins. Skipulagsyfirvöldum borgarinnar er vel kunnugt um að svo er ekki, því sýnt hefur verið fram á að austurmörk garðsins ná langleiðina út að Thorvaldsensstræti, sbr. teikningu Pósts & síma í nóvember 1966 (merkt A-5050g).

Um leið og minningu liðinna kynslóða er sýnd tilhlýðileg virðing með framangreindri tilhögun er ljóst að almenningsgarður á þessum stað í hjarta höfuðborgarinnar yrði einnig til varanlegrar þrýði fyrir umhverfi Alþingis og Austurvallar.

Ályktunin verði send borgarstjórn/borgarráði.

(Samþykkt einróma á fjölsóttum fundi)